

Stofnun Vilhjálms Stefánsonar
14 407

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Stofnun Vilhjálms Stefánsonar

kt. 610498-2729

Borgum v/Norðurslóð, 600 Akureyri

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri er íslensk norðurslóðastofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 81 frá 26. maí 1997. Stofnuninni er ætlað innlent og alþjóðlegt hlutverk viðvíkjandi rannsóknum, upplýsingamiðlun, ráðgjöf og samvinnu á sviði sjálfbærrar þróunar og umhverfismála á norðurslóðum. Verkefni stofnunarinnar tengjast í áherslu á þverfaglega og fjölþjóðlega umfjöllun um fræðilegar og hagnýtar lausnir á viðfangsefnum sem sérstaklega tengjast norðurslóðum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 17 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 81,9 milljónir og afkoma kr. -5,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 9,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 62,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Akureyri 25. mars 2020

Staður, dags.

Niels Einarsson

Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	43.400.000	42.200.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	38.136.214	36.812.075
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	352.353	383.166
Tekjur samtals		81.888.567	79.395.241
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	57.369.093	47.573.051
Annar rekstrarkostnaður	5	30.079.804	26.039.389
Afskriftir	6	352.353	383.166
Gjöld samtals		87.801.250	73.995.606
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		(5.912.683)	5.399.635
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(7.840)	(9.738)
		(7.840)	(9.738)
Afkoma ársins		(5.920.523)	5.389.897

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður		1.169.998	1.092.425
Aðrar eignir		700.000	700.000
		<u>1.869.998</u>	<u>1.792.425</u>
Fastafjármunir samtals		<u>1.869.998</u>	<u>1.792.425</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	7	14.818.595	52.536.038
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		50.573	204.152
Handbært fé		45.667.475	350.781
		<u>60.536.643</u>	<u>53.090.971</u>
Veltufjármunir samtals		<u>60.536.643</u>	<u>53.090.971</u>
Eignir samtals		<u>62.406.641</u>	<u>54.883.396</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hrein eign		9.739.795	15.660.318
		<u>9.739.795</u>	<u>15.660.318</u>
Eigið fé samtals		<u>9.739.795</u>	<u>15.660.318</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	73.450	119.417
Viðskiptaskuldir		44.765.441	32.241.141
Ýmsar skammtímaskuldir	9	5.918.393	5.100.605
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	10	1.909.562	1.761.915
		<u>52.666.846</u>	<u>39.223.078</u>
Skuldir samtals		<u>52.666.846</u>	<u>39.223.078</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>62.406.641</u>	<u>54.883.396</u>
Aðrar upplýsingar	11		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(5.920.523)	5.389.897
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		352.353	383.166
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(352.353)	(383.166)
		<u>(5.920.523)</u>	<u>5.389.897</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		153.579	299.514
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		13.342.088	(11.801.642)
		<u>13.495.667</u>	<u>(11.502.128)</u>
		<u>7.575.144</u>	<u>(6.112.231)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	(429.926)	(530.510)
		<u>(429.926)</u>	<u>(530.510)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		37.671.476	(26.840.621)
Fjárfestingarframlag		500.000	500.000
		<u>38.171.476</u>	<u>(26.340.621)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		45.316.694	(32.983.362)
Handbært fé í byrjun árs		350.781	33.334.143
		<u>45.667.475</u>	<u>350.781</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	Óafskrifað

Þegar bókfært verðigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Skýringar

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsagjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsagjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgögnukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	43.900.000	42.700.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(500.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	43.400.000	42.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	352.353	383.166
	43.752.353	42.583.166

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	43.400.000	0	0	43.400.000
Fjárveiting til tekna	43.400.000	0	0	43.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(49.320.523)	0	0	(49.320.523)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(5.920.523)	0	0	(5.920.523)

3 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	36.498.323	36.021.382
Ýmsar tekjur	1.637.891	780.190
Vörusala I	0	10.503
	38.136.214	36.812.075

4 Laun og launatengd gjöld

Laun	45.537.430	37.845.111
Orlof, breyting	818.230	788.744
Launatengd gjöld	10.249.467	8.625.796
Starfsmannakostnaður	763.966	313.400
	57.369.093	47.573.051
Meðalfjöldi stöðugilda	5,6	4,9

Skýringar

	2019	2018
5 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	425.387	453.286
Ýmis tæki og áhöld	45.035	72.898
Varahlutir og viðhaldsvörur	0	3.901
Orkugjafir	5.202	4.030
Matvæli	281.401	77.404
Almennar rekstrarvörur	699	0
Vörukaup, almenn	757.724	611.519
Ýmsar sérgreindar vörur	0	17.440
Vörukaup, sérgreind	0	17.440
Fundir, námskeið, risna	1.226.664	1.111.515
Ferðir, uppihald	10.593.031	11.761.379
Akstur	403.688	448.901
Sérfræðiþjónusta	4.266.243	1.117.891
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	85.433	73.858
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	85.988	34.309
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	133.334	88.009
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	16.794.381	14.635.862
Afnotagjöld	1.084.859	976.598
Leigugjöld	9.667.950	9.060.560
Verkkaup	6.550	1.200
Tryggingar, lögboðnar	27.708	10.613
Opinber gjöld	418.272	375.477
Tilfærslur	1.322.360	350.120
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	12.527.699	10.774.568
Annar rekstrarkostnaður samtals	30.079.804	26.039.389

6 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	1.169.998	1.092.425
Aðrar eignir	700.000	700.000
	1.869.998	1.792.425

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019	2.383.182	700.000	3.083.182
Viðbætur á árinu	429.926	0	429.926
	2.813.108	700.000	3.513.108
Afskriftir 1.1.2019	1.290.757	0	1.290.757
Afskrift ársins	352.353	0	352.353
	1.643.110	0	1.643.110
Staða 31.12.2019	1.169.998	700.000	1.869.998

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
--	------------	------------

7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	14.818.595	49.108.917
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	3.427.121
	<u>14.818.595</u>	<u>52.536.038</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	73.450	119.417
	<u>73.450</u>	<u>119.417</u>

8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	15.660.318	10.270.421
Afkoma ársins	(5.920.523)	5.389.897
Jöfnuður 31.12.	<u>9.739.795</u>	<u>15.660.318</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlit eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

9 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	5.810.327	4.992.097
Ógreidd laun	108.066	0
Önnur ógreidd gjöld	0	108.508
	<u>5.918.393</u>	<u>5.100.605</u>

Skýringar

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	1.869.998	1.792.425
Ofnotuð fjárveiting til fjárfestinga	39.564	(30.510)
	<u>1.909.562</u>	<u>1.761.915</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	1.792.425	(30.510)	1.761.915
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	500.000	500.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	0	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	429.926	(429.926)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(352.353)	0	(352.353)
	<u>1.869.998</u>	<u>39.564</u>	<u>1.909.562</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 0,3 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

11 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2029. Árlegar greiðslur stofnunarinnar vegna húsaleigu nema 9,3 millj. kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loford

Á ekki við

Atburðir eftir reikningsskiladag

Á ekki við